

Viðhorfskannanir skólaárin 2002-2003 og 2003-2004

**Viðhorfskannanir hjá foreldrum barna
í leikskólum og grunnskólum á
Akureyri**

Ingólfur Ármannsson
Trausti Þorsteinsson



Akureyri, október, 2004

Efnisyfirlit:

Inngangur	4
Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd	5
Niðurstöður	6
Samanburður milli leikskóla og grunnskóla	6
Leikskólar - sérspurningar	11
Grunnskólar – sérspurningar	13
Athugasemdir svarenda	16
Frá foreldrum leikskólabarna	16
Frá foreldrum grunnskólabarna	16
Samantekt	18
Samanburður milli skólagerða	18
2. Leikskólar	18
3. Grunnskólar	19
Lokaorð	21
Fylgiskjöl	23

Myndir

Mynd 1: Ánægja með (leik)skóla barnsins.	6
Mynd 2: Líðan barnanna í (leik)skólanum.....	7
Mynd 3: Aðbúnaður í grunnskólunum.....	8
Mynd 4: Þegar nemendum gengur vel - samanburður milli skólastiga.	9
Mynd 5: Þegar nemendum gengur vel - samanburður milli árganga í grunnskólunum.	9
Mynd 6: Agamál í grunnskólunum.	13
Mynd 7: Aðstoð við heimanám í grunnskólunum.	14

Töflur

Tafla 1: Aðbúnaður í skólunum.	7
Tafla 2: Virk þátttaka foreldra í skólustarfinu.....	8
Tafla 3: Árangur í samræmi við væntingar foreldra.	10
Tafla 4: (Leik)skólinn kemur til móts við þarfir barnsins.....	10
Tafla 5: Eðlilegar (náms)kröfur til barnanna.	10
Tafla 6: Þjónusta við börn í erfiðleikum.	11
Tafla 7: Viðfangsefni séu áhugaverð fyrir börnin.....	11
Tafla 8: Skýr uppeldis- og menntastefna í leikskólunum.	11
Tafla 9: Stuðla að auknum þroska leikskólabarna.	12
Tafla 10: Viðræður við börnin um leik þeirra of störf í leikskólanum.	12
Tafla 11: Þátttaka í foreldrastarfi leikskólanna.	12
Tafla 12: Þátttaka í ákvörðunum er varða starf leikskólanna.	13
Tafla 13: Upplýsingastreymið frá leikskólunum.	13
Tafla 14: Aðstoð foreldra við heimanám í grunnskólunum.....	14
Tafla 15: Fylgjast með heimanámi grunnskólanema.	14
Tafla 16: Tengsl við foreldra þegar ekki gengur sem skyldi hjá nemanda.....	15
Tafla 17: Þátttaka í ákvörðunum er varða nám barnsins.....	15
Tafla 18: Áhrif foreldra á skólustarf nemenda.	15

Inngangur

Könnun þessi á viðhorfi foreldra barna í leikskólum og grunnskólum á Akureyri var framkvæmd í samvinnu Skóladeildar Akureyrarbæjar og Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri. Könnunin lýtur í meginatriðum að viðhorfi foreldranna til starfs og starfsaðstæðna í skólunum. Spurningalistar voru lagðir fyrir foreldrana fyrst um mitt skólaár 2002-2003 og síðan voru sömu spurningar lagðar aftur fyrir foreldrana um mitt skólaárið 2003-2004. Skólaþróunarsvið kennaradeildar HA annaðist úrvinnslu úr svörum og fékk Ingólf Ármannsson, fv. skóla- og menningarfulltrúa Akureyrarbæjar, til þess verks.

Framkvæmd könnunarinnar var í stórum dráttum þannig:

- Könnunin var lögð fyrir alla foreldra barna í leikskólunum og grunnskólunum sem náðist til.
- Við könnunina var notað forritið Glerverk og foreldrunum ætlað að svara spurningunum í tölvuforritinu.
- Hver skóli skipulagði framkvæmd könnunarinnar hjá sér, eftir aðstæðum á hverjum stað.

Helstu niðurstöður úr könnuninni koma fram hér á eftir í þessari skýrslu. Vonast er til að þær geti orðið gagnlegar í þróunar- og umbótastarfi skólamála í bæjarfélaginu.

Akureyri október 2004

Trausti Þorsteinsson
Forstöðumaður
Skólaþróunarsviðs Háskólans á Akureyri

Aðdragandi könnunarinnar og framkvæmd

Ákveðið var að gera viðhorfskönnun meðal foreldra leik- og grunnskóla á Akureyri til að afla upplýsinga um viðhorf þeirra til starfs og starfsaðstæðna í leikskólum og grunnskólum í bænum. Jafnframt að skólanefnd fengi niðurstöður sem hægt yrði að nota við að setja fram árangursviðmið við gerð starfsáætlunar skólanefndar. Þessar meginspurningar var spurt hversu ánægðir foreldrar væru með starf skólanna og starfsaðstæður þeirra.

Í samvinnu skóladeildar og skólaþróunarsviðs kennaradeildar HA voru gerðir spurningalistar fyrir foreldra barna í leikskólum annars vegar og fyrir foreldra barna í grunnskólum hins vegar. Í mörgum tilvikum voru listarnir samhljóða en einnig nokkrar spurningar sérstaklega vegna leikskólanna og aðrar sérstaklega vegna grunnskólanna (Sjá fylgiskjöl 1-2).

Til að auðvelda framkvæmdina var notað könnunarforritið Glerverk, sem reynst hefur vel í hliðstæðum könnunum. Glerverk er sérstakt forrit sem býður upp á að geyma spurningalista og þátttakendur geta svarað honum beint inn í forritið. Á þann hátt getur forritið birt samantektarniðurstöður strax að svörun lokinni. Hver skóli sá um sjálfa framkvæmd könnunarinnar hjá sér. Könnunin fór fram annars vegar um mitt skólaár 2002-2003 og síðan aftur með sömu spurningum um mitt skólaár 2003-2004 og var í bæði skiptin óskað eftir því að foreldrarnir svöruðu spurningalistunum á tölvunni og var svörunum safnað saman í eina skrá. Í spurningalistunum voru nokkrar bakgrunnsbreytur svo hægt væri að skoða skiptingu svara, þar sem ástæða þætti til. Spurningarnar voru í formi fullyrðinga sem óskað var eftir að foreldrar tækju afstöðu til með því að svara hversu sammála þau væru fullyrðingunni (mjög sammála, fremur sammála, fremur ósammála eða mjög ósammála).

Úrvinnsla könnunarinnar var síðan í höndum skólaþróunarsviðs kennaradeildar H.A. þar sem beitt var lýsandi aðferðum á tölulegar niðurstöður svara. Úrvinnslan miðaðist við að fá fram heildarniðurstöður fyrir alla skólana á Akureyri. Hver skóli getur jafnframt fengið aðgang að niðurstöðum úr sínum skóla til samanburðar við heildarniðurstöður eftir því sem þeim finnst ástæða til.

Niðurstöður.

Fjöldi þeirra foreldra leikskólabarna sem svöruðu var 773 í könnuninni 2002-2003 en 731 í könnuninni 2003-2004, en fjöldi þeirra foreldra grunnskólabarna sem svöruðu var 1.802 í könnuninni 2002-2003 en 1.549 í könnuninni 2003-2004.

Til samanburðar voru alls 954 börn í leikskólunum skólaárið 2002-2003 og skólaárið 2003-2004 alls 975 börn en skólaárið 2002-2003 voru alls 2.494 börn í grunnskólunum og skólaárið 2003-2004 alls 2.524.

Óskað var eftir að foreldrar svöruðu sérstaklega fyrir hvert barn sitt. Þó má gera ráð fyrir einhverjum frávikum á því. Með þeim fyrirvara má því áætla að foreldrar um 78 % leikskólabarnanna og foreldrar um 67 % grunnskólabarnanna hafi svarað könnuninum.

Það er því ljóst að niðurstöður kannananna eru almennt vel marktækar og skekkjumörk yfirleitt fremur þröng.


Samanburður milli leikskóla og grunnskóla.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim spurningum sem voru nánast eins bæði í leikskólunum og í grunnskólunum.

1. Ég er ánægð(ur) með (leik)skóla barnsins míns.

Mynd 1 sýnir hlutfall þeirra svarenda sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.

Á myndinni kemur einnig fram að ánægja foreldra með grunnskóla barns síns hefur aukist um 1,3 % milli skólaáranna 2002-3 og 2003-4, en í leikskólunum er ánægja foreldranna óbreytt á milli sömu ára.




Mynd 1: Ánægja með (leik)skóla barnsins.

Á mynd 1 sést einnig að ánægja foreldra með grunnskóla/leikskóla barns síns er marktækt meiri, eða 3,2 %, hjá foreldrum leikskólabarna en hjá foreldrum grunnskólabarna á skólaárinu 2002-3. Á skólaárinu 2003-4 minskar hinsvegar munurinn verulega eða í aðeins 1,9 %, og því tæpast marktækur.

2. Barninu mínu líður vel í (leik)skólanum.

Mynd 2 sýnir hlutfall þeirra svarenda sem eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni.

Á myndinni sést að ánægja foreldra með líðan barna sinna eykst milli ára einkum í grunnskólunum en einnig lítils háttar í leikskólanum.



Mynd 2: Líðan barnanna í (leik)skólanum.

Einnig sést á mynd 2 að foreldrarnir telja líðan barna sinna marktækt betri í leikskólunum en í grunnskólanum, eða sem munar 5,8 % skólaárið 2002-2003 og 4,6 % skólaárið 2003-2004.


Skólaárið 2002-2003 var hliðstæð spurning (*Líður þér vel í skólanum*) lögð fyrir öll grunnskólabörn í 4.-10. bekk og þar svöruðu 88,2 % þeirra að þeim liði alltaf eða oftast vel í skólanum.

3. Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í (leik)skólanum góður.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	69,7%		
Grunnsk.	2003-4	73,6%	3,9%	
Leiksk.	2002-3	91,7%		22,0%
Leiksk.	2003-4	94,2%	2,5%	20,6%

Tafla 1: Aðbúnaður í skólunum.

Eins og fram kemur í töflu 1 þá telja svarendur að aðbúnaður í leikskólunum sé verulega betri en í grunnskólunum, þó að munurinn minnki aðeins milli ára.



Mynd 3: Aðbúnaður í grunnskólunum.

Á mynd 3 sjáum við samanburð milli 1., 5. og 10. bekkjar í grunnskólunum. Þar er greinilegur munur á t.d. svörum foreldra barna í 1. bekk annars vegar og í 10. bekk hins vegar. Þannig eru 81,3 % svarenda barna í 1. bekk mjög eða frekar sammála en aðeins 68,0 % hjá foreldrum barna í 10. bekk.


4. Það er unnið skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í (leik)skólastarfinu.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	71,7%		
Grunnsk.	2003-4	71,9%	0,3%	
Leiksk.	2002-3	86,8%		15,2%
Leiksk.	2003-4	89,3%	2,5%	17,4%

Tafla 2: Virk þátttaka foreldra í skólastarfinu.

Í töflu 2 kemur aftur fram verulegur munur á mati svarenda hvað þeir telja að tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu séu mun meiri í leikskólunum en í grunnskólunum. Hér eru hins vegar breytingar milli ára frekar litlar, en þó í jákvæða átt.


5. Kennari/starfsmenn upplýsa mig þegar vel gengur hjá barninu mínu.



Mynd 4: Þegar nemendum gengur vel - samanburður milli skólastiga.

Á mynd 4 sést að hér er mjög mikill munur á viðhorfum svarenda eftir því hvort um leikskóla eða grunnskóla er að ræða. Skólaárið 2002-3 munar 39,6 % og skólaárið 2003-4 er munurinn 34,1 % leikskólunum í vil.

Nokkur aukning er milli ára varðandi grunnskólana og smávegis hjá leikskólunum. Rétt er að fram komi að mun fleiri foreldrar grunnskólabarna svöruðu “veit ekki” eða um 6 % á móti um 0,8 % hjá foreldrum leikskólabarnanna.



Mynd 5: Þegar nemendum gengur vel - samanburður milli árganga í grunnskólunum.

Á mynd 5 sést greinilega að hér er mikill munur eftir árgöngum. Þannig eru súlurnar sem tákna svör hjá foreldrum barna í 1. bekk hæstar fremst og fara síðan lækkandi, meðan það er alveg öfugt hjá foreldrum barna í 10. bekk.

6. Árangur/framfarir barnsins míns er í samræmi við væntingar mínar.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	89,8%		
Grunnsk.	2003-4	89,8%	0,0%	
Leiksk.	2002-3	97,3%		7,5%
Leiksk.	2003-4	98,6%	1,4%	8,8%

Tafla 3: Árangur í samræmi við væntingar foreldra.

Á töflu 3 sjáum við að breyting milli ára er lítil, en munur milli skólagerða er marktækur.

7. (Leik)skólinn kemur vel til móts við þarfir barnsins míns.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	84,7%		
Grunnsk.	2003-4	86,8%	2,1%	
Leiksk.	2002-3	96,3%		11,7%
Leiksk.	2003-4	96,8%	0,5%	10,0%

Tafla 4: (Leik)skólinn kemur til móts við þarfir barnsins.

Á töflu 4 sjáum við að breyting milli ára er lítil, en munur milli skólagerða er verulegur.

8. Í (leik)skólanum eru gerðar eðlilegar (náms)kröfur til barnsins míns.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	93,3%		
Grunnsk.	2003-4	93,2%	-0,1%	
Leiksk.	2002-3	94,6%		1,3%
Leiksk.	2003-4	96,7%	2,1%	3,5%

Tafla 5: Eðlilegar (náms)kröfur til barnanna.

Á töflu 5 sést að breyting milli ára er mjög lítil og ekki marktæk hjá foreldrum grunnskólabarna. Munur milli skólagerða er lítið eitt meiri og marktækur fyrir skólaárið 2003-2004.

9. Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu (leik)skólans ef það á í erfiðleikum.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	56,3%		
Grunnsk.	2003-4	57,3%	1,1%	
Leisk.	2002-3	69,1%		12,8%
Leisk.	2003-4	72,3%	3,2%	14,9%

Tafla 6: Þjónusta við börn í erfiðleikum.

Í töflu 6 kemur fram að aðeins rúmur helmingur foreldra grunnskólanema er mjög eða frekar sammála því að börnin fái viðeigandi þjónustu af hálfu skólans, ef það á í erfiðleikum. Nokkru fleiri, eða rúmlega $\frac{2}{3}$ foreldra barna í leikskólunum er mjög eða frekar sammála því að börnin fái viðeigandi þjónustu af hálfu leikskólans.

10. Viðfangsefni í (leik)skólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.

		Mjög eða frekar sammála	Breyting milli ára	Munur milli skólagerða
Grunnsk.	2002-3	89,3%		
Grunnsk.	2003-4	88,9%	-0,4%	
Leisk.	2002-3	97,0%		7,7%
Leisk.	2003-4	98,5%	1,5%	9,5%

Tafla 7: Viðfangsefni séu áhugaverð fyrir börnin.

Í töflu 7 sést að breyting milli ára er tæpast marktæk, en marktækur munur milli skólagerða, þar sem svarendum sýnist tilboð leikskólanna áhugaverðari fyrir börn sín.

Leikskólar - sérspurningar

Þær spurningar sem hér fara á eftir voru eingöngu lagðar fyrir foreldra nemenda í leikskólunum.

1. Uppeldis- og menntunarstefna leikskólans er mjög skýr.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	52,3%	38,0%	5,2%	1,3%	3,3%
2003-4	49,6%	43,3%	3,2%	0,7%	3,3%

Tafla 8: Skýr uppeldis- og menntastefna í leikskólunum.

Í töflu 8 sést að yfir 90 % svarenda eru mjög eða frekar sammála því að uppeldis- og menntunarstefna leikskólanna sé mjög skýr og er hlutfallið nokkru hærra seinna skólaárið.

2. Starfsmenn leikskólans ræða við mig, hvernig ég geti stuðlað að auknum þroska hjá barninu mínu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	32,5%	36,5%	20,3%	6,9%	3,8%
2003-4	31,4%	40,1%	18,6%	5,8%	4,0%

Tafla 9: Stuðla að auknum þroska leikskólabarna.

Í töflu 9 sést að um 70 % svarenda eru mjög eða frekar sammála því að starfsmenn leikskólans ræði við þá um hvernig þeir geti stuðlað að auknum þroska hjá börnum sínum og er hlutfallið nokkru hærra seinna skólaárið.

3. Ég ræði við barnið mitt um leik og starf þess í leikskólanum.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	83,8%	15,0%	0,9%	0,3%	0,0%
2003-4	84,8%	15,1%	0,1%	0,0%	0,0%

Tafla 10: Viðræður við börnin um leik þeirra og störf í leikskólanum.

Á töflu 10 sést greinilega að nálega allir svarendur ræða við börn sín um leik og starf þeirra í leikskólunum.

4. Ég tek virkan þátt í foreldrastarfi leikskólans.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	21,2%	34,6%	26,8%	14,3%	3,0%
2003-4	21,1%	30,9%	29,8%	14,9%	3,4%

Tafla 11: Þátttaka í foreldrastarfi leikskólanna.

Eins og kemur fram í töflu 11, þá eru það 55,8 % svarenda sem eru mjög eða frekar sammála því að þau taki virkan þátt í foreldrastarfi leikskólanna skólaárið 2002-2003 en nokkru færri, eða 52,0 %, skólaárið 2003-2004.

5. Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða starf leikskólans.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	14,7%	44,1%	21,9%	5,9%	13,4%
2003-4	13,4%	42,5%	25,3%	4,6%	14,2%

Tafla 12: Þátttaka í ákvörðunum er varða starf leikskólanna.

Á töflu 12 sést að 58,8 % svarenda skólaárið 2002-3 eru mjög eða frekar sammála því að þeir fái að vera þátttakendur í ákvörðunum er varða starf leikskólans og nokkru færri árið eftir. Einnig kemur fram bæði árin að nokkuð margir svara “veit ekki”,

6. Upplýsingastreymi frá leikskólanum er gott.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	59,8%	34,6%	3,8%	1,2%	0,7%
2003-4	57,5%	36,6%	4,3%	1,1%	0,6%


Tafla 13: Upplýsingastreymið frá leikskólunum.

Á töflu 13 sést greinilega að langflestir svarenda, eða rúm 94,0 % þeirra, telja upplýsingastreymi frá leikskólunum gott.

Grunnskólar – sérspurningar.

Þær spurningar sem hér fara á eftir voru eingöngu lagðar fyrir foreldra nemenda í grunnskólunum.

1. Skólinn tekur af festu á agavandamálum sem upp koma.



Mynd 6: Agamál í grunnskólunum.

Á mynd 6 sést að rúmlega ⅔ svarenda í könnuninni 2003-4 og tæplega ¾ svarenda í könnuninni 2002-3 voru mjög eða frekar sammála því að skólinn taki af festu á agavandamálum sem upp koma.


Það er hins vegar nokkuð stór hópur sem svarar “veit ekki”.

2. Kennarar skólans hafa rætt við mig hvernig ég geti aðstoðað barn mitt við heimanám.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	35,1%	36,5%	15,8%	9,3%	3,3%
2003-4	34,2%	35,3%	17,8%	8,0%	4,7%

Tafla 14: Aðstoð foreldra við heimanám í grunnskólunum.

Í töflu 14 kemur fram að bæði skólaárin eru um 70 % svarenda mjög eða frekar sammála því að kennarar skólans hafi rætt við sig hvernig þeir geti aðstoðað barn sitt við heimanám.



Mynd 7: Aðstoð við heimanám í grunnskólunum.

Á mynd 7 sjáum við að mun fleiri svarendur í 1. bekk, eða 85,4 %, eru mjög eða frekar sammála fullyrðingunni, á meðan það eru einungis 56,0 % í 10. bekk.

3. Ég fylgist vel með heimanámi barnsins míns.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	61,4%	32,0%	5,3%	1,0%	0,4%
2003-4	58,9%	33,5%	6,2%	1,2%	0,1%

Tafla 15: Fylgjast með heimanámi grunnskólanema.

Af töflu 15 má lesa að 93,4 % svarenda telja sig fylgjast vel með heimanámi barns síns skólaárið 2002-3, en aðeins færri eða 92,4 % árið eftir.

4. Kennari hefur samband þegar ekki gengur sem skyldi hjá barninu mínu.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	31,6%	32,9%	11,7%	6,5%	17,4%
2003-4	32,8%	35,8%	8,9%	4,7%	17,8%

Tafla 16: Tengsl við foreldra þegar ekki gengur sem skyldi hjá nemanda.

Á töflu 16 sjáum við að það eru ekki nema um $\frac{2}{3}$ svarenda sem eru mjög eða frekar sammála því að kennarinn hafi samband þegar ekki gengur sem skyldi hjá börnum þeirra. Þá eru einnig margir sem svara “veit ekki”.

5. Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	23,7%	42,0%	21,5%	6,4%	6,4%
2003-4	21,4%	47,8%	19,6%	6,0%	5,3%

Tafla 17: Þátttaka í ákvörðunum er varða nám barnsins.

Í töflu 17 kemur fram að um $\frac{2}{3}$ foreldra barnanna telja sig fá að vera þátttakendur í ákvörðunum er varða nám barnsins.

6. Ég fæ að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins míns nú en í fyrra.

	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki
2002-3	8,6%	25,5%	25,3%	8,7%	31,9%
2003-4	7,4%	28,9%	24,5%	6,2%	33,0%

Tafla 18: Áhrif foreldra á skólastarf nemenda.

Hér sést, í töflu 18, að hlutfall þeirra sem svara “veit ekki” er mjög hátt, eða um $\frac{1}{3}$. Aðrir svarendur skiptast í álíka stóra hópa þeirra sem eru mjög eða frekar sammála og þeirra sem eru mjög eða frekar ósammála því að þeir hafi meiri áhrif á skólastarf barns síns en árið áður. Þó fjölgar þeim um 2,2 % milli ára sem eru mjög eða frekar sammála.

Athugasemdir svarenda.

Foreldrunum var boðið upp á að koma á framfæri athugasemdum undir liðnum “annað sem þú vilt koma á framfæri”. Hér á eftir eru nokkrar tilvitnanir í þessar athugasemdir eða ábendingar.

Frá foreldrum leikskólabarna.

1. Ég er almennt mjög ánægð með leikskólann.
2. Starfsfólkið er alveg frábært og ætti að fá riflegan bónus.
3. Starfsfólk er skilningsríkt og tekur tillit til óska og skoðana foreldra.
4. Mjög ánægð með allt. Gott starfsfólk.
5. Takk fyrir sveigjanleika og liðlegheit.
6. Mér finnst áberandi hvað barninu mínu hefur farið fram eftir að það byrjaði í leikskólanum.
7. Vel skipulagt og metnaðarfullt starf í gangi sem er leikskólanum til mikils sóma.
8. Það mættu vera fleiri fagmenntaðir starfsmenn inni á deildunum.
9. Of langt er á milli foreldraviðtala, það leið næstum því eitt ár áður en fyrsta viðtalið kom. Gott væri að hafa þau minnst tvisvar á ári.
10. Vantar fjölbreytni í föndur og sköpun.
11. Það mætti sandbera oftár.
12. Það vantar oft frumkvæði hjá starfsfólki gagnvart foreldrum s.s. að segja frá því hvernig dagur barnsins var o.þ.h.
13. Ég vil að það sé tekið á móti barninu inn í fataklefa þegar það kemur á morgnana.
14. Mér finnst lokanir vegna starfsdaga og álíka tímaskekkja gera manni lífið erfiðara en ella.
15. Að breyta jólalögnum er út í hróa – af hverju að breyta öllum gömlum venjum?
16. Vantar meiri íþróttir og útileiki, þ.e.a.s. gamaldags fjöldaleiki.
17. Oft vilja deildarstjórar hafa of mikil áhrif á ákvarðanatöku í sambandi við börnin.
18. Sumarfríðið hentar einstaklega illa. Hálfmánuðar lokun er allt í lagi en að þurfa að taka mánuðarfrí hentar mjög illa.
19. Æskilegt væri að t.d. dans og hreyfing væri fastur liður í dagskránni.
20. Vantar meiri kennslu, t.d. að lesa, þekkja stafi o.fl.
21. Ég er mjög hrifin af lífsleikninni og finnst það skila sér mjög vel.
22. Mér finnst leikskólastarfsemin of einhæf.
23. Morgunmaturinn mætti vera fjölbreyttari.
24. Það mætti setja upp símsvara, svo að hægt sé að leggja inn boð um t.d. veikindi barns.
25. Nýja starfsmenn þarf að upplýsa fljótt og vel um starfsemina og kynna þá strax fyrir börnum og foreldrum.

Frá foreldrum grunnskólabarna.

1. Þetta er góður skóli með frábæru starfsfólki. Skólaliðar eru mjög hjálpsamir.

2. Ég er sérstaklega ánægð með “kurteisísátakið” sem er í gangi.
3. Ég ber fullt traust til skólans og starfsmanna hans. Varið ykkur á frekum foreldrum!
4. Góður andi í skólanum. Góðir kennarar og góð skólavistun.
5. Ég er mjög ánægð með skólann í heild, jafnt kennslu sem skólavistun.
6. Það mætti gjarnan vera tölvusamband milli foreldra og kennara.
7. Það mætti hafa samband líka þegar vel gengur.
8. Fréttabréf skólans er gott og gaman að fá það svona ört heim og geta fylgst með.
9. Kennari hefur aldrei samband að fyrri bragði.
10. Ég hef talsvert þurft að hafa samband við skólahjúkrunarfræðing og fengið frábærar viðtökur.
11. Skólamenn eiga að sjá um skólamálin að mestu, en foreldrar um uppeldið.
12. Það er gott þegar tekið er á einelti af rósemi og festu með samtölum foreldra, nemenda og kennara.
13. Stoðþjónusta skólans hefur reynst til fyrirmyndar.
14. Nota á “nú tímabækur” í íslenskukennslu, t.d. bækur ssem eru vinsælar hverju sinni.
15. Ég er mjög ánægð með þær vettvangsferðir sem börnin fara í og vil gjarnan sjá aukin tengsl við samfélagið sem börnin búa í.
16. Barnið mitt kvartar yfir farsímanotkun kennara í tímum.
17. Ég tel ekki nægjanlega sýnilegt hvað verið er að gera í þróunarstarfi vegna foreldraþátttöku.
18. Mér finnst vera haldið aftur af góðum nemendum. Þeim ekki sinnt sem skildi.
19. Að mínu mati mætti fylgjast betur með hegðun barnanna í frímínútum.
20. Vetrafri og starfsdagar mættu vera samliggjandi.
21. Mætti taka matseðilinn í gegn og hafa minna af unnum matvörum. Samræmist tæplega viðmiðunum manneldisráðs.
22. Skólinn hefur það yfirbragð að hann sé meira til fyrir kennarana en nemendurna.
23. Gott væri ef læstir skápar væru fyrir nemendur.
24. Ég er á móti punktakerfi hjá yngsta stigi.
25. Skólinn er jákvæðari í heild en í fyrri. Þar munar miklu um breyttar valgreinar.
26. Heimanám er barn síns tíma og tímaskekkja að mínu mati.
27. Ég er mjög ánægð með að það skuli vera vetrafri, en ég er mjög ósátt við lengingu skólaársins.
28. Vetrafri í október er tímaskekkja, foreldrar geta yfirleitt ekki tekið sér fri þá. Til hvers er þá þetta fri?
29. Það vantar umræðu og fræðslu um það hver hugsunin sé á bak við vetrafri í grunnskólunum.
30. Vantar nauðsynlega danskennslu fyrir eldri bekkjadeildir.
31. Ég vil að skólinn ráði iðjupjálfa til starfa, það sárvantar.
32. Að gengið verði frá lúsinni í eitt skipti fyrir öll. Óþolandi að þetta kvikyndi vaði uppi á hverju ári.
33. Ég vil að teppin á veggjunum verði fjarlægð, mér finnst þau óheilsusamleg.
34. Stólar og borð í kennslustofum léleg og óþægileg. Nauðsynlegt að þessi húsgögn séu í takt við stærð nemenda.
35. Vantar gönguljós eða gangbrautarvörð á Hlíðarbraut þegar nemendur fara í sund.

36. Kennarar taki sig á í framkomu ekki síður en börnin.
37. Ég tel skólakerfi okkar rangt uppbyggt og eingöngu meta ákveðna þætti sem mikilsverða en horfa fram hjá öðrum sem ættu ekki síður að skipta máli í samfélagi manna.
38. Það virðist ekki skipta máli þó að ég skrifi eitthvað hér því það er ekki hlustað á það!!

Samantekt

1. Samanburður milli skólagerða.

Í spurningum 1 – 10 á bls. 6 - 11 hér að framan kemur greinilega fram að foreldrar eru, í öllum spurningunum, mun oftast mjög eða frekar sammála því sem spurt er um hjá börnum í leikskólunum en hjá börnum í grunnskólunum. Munurinn er allt frá 1,3 % upp í 39,6 %.

Hliðstæður mismunur kom einnig fram í könnunum hjá starfsfólki leikskóla og grunnskóla haustið 2003.

2. Leikskólar.

2.1 Ánægja með leikskólann.

	Mjög eða frekar sammála	
	2002-3	2003-4
• Ég er ánægð/ur með leikskóla barnsins míns.	98,7 %	98,6 %
• Barninu mínu líður vel í leikskólanum.	98,2 %	98,6 %
• Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum góður.	91,7 %	94,2 %
• Uppeldis- og menntunarstefna leikskólans er mjög skýr.	90,2 %	92,8 %
	Meðaltal: 94,7 %	96,1 %

Það virðist ljóst að ánægja með leikskólann virðist mjög mikil hjá svarendum og hæpið að gera ráð fyrir að stefna að því að meðaltalið hækki meira en í um 98 %.

2.2 Þáttaka foreldra og samstarf við leikskólann.

	Mjög eða frekar sammála	
	2002-3	2003-4
• Það er unnið skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í leikskólastarfinu.	86,8 %	89,3 %
• Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða		

starf leikskólans.	58,9 %	55,9 %
• Starfsmenn leikskólans ræða við mig um hvernig ég geti stuðlað að auknum þroska hjá barninu mínu.	69,1 %	71,6 %
• Ég ræði við barnið mitt um leik og starf þess í leikskólanum.	98,8 %	99,9 %
• Starfsmenn upplýsa mig þegar vel gengur hjá barninu mínu.	85,2 %	85,4 %
• Ég tek virkan þátt í foreldrastarfi leikskólans.	55,9 %	51,9 %
<u>Meðaltal:</u>	<u>75,8 %</u>	<u>75,7 %</u>

Varðandi þátttöku foreldra í starfi leikskólans og samstarf þeirra við hann, þá svara að meðaltali rúmlega 10 % fleiri að þeir séu mjög eða frekar sammála fullyrðingunum heldur en niðurstöður hjá grunnskólunum sýndu í hliðstæðum fullyrðingum.

Það má því ætla að hjá leikskólunum sé raunhæft að setja sem viðmiðun að koma meðaltalinu í um 80 %.

2.3 <u>Hvernig mætir leikskólinn þörfum barnanna?</u>	Mjög eða frekar sammála	
	<u>2002-3</u>	<u>2003-4</u>
• Leikskólinn kemur vel til móts við þarfir barnsins míns.	96,3 %	96,8 %
• Í leikskólanum eru gerðar eðlilegar kröfur til barnsins míns.	94,6 %	96,7 %
• Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu leikskólans ef það á í erfiðleikum.	69,1 %	72,3 %
• Viðfangsefni í leikskólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.	97,0 %	98,5 %
• Upplýsingastreymi frá leikskólanum er gott.	94,4 %	94,1 %
• Framfarir barnsins míns eru í samræmi við væntingar mínar.	97,3 %	98,6 %
<u>Meðaltal:</u>	<u>91,5 %</u>	<u>92,8 %</u>

Hér er það greinilegt að svarendur telja að leikskólarnir mæti þörfum barnanna almennt vel, þó að einnig komi fram að um 30 % þeirra telji að eitthvað vanti upp á viðeigandi þjónustu ef barn á í erfiðleikum. Miðað við meðaltöl þessara tveggja skólaára virðist raunsætt að stefna að um 95 % meðaltali.

3. Grunnskólar.

3.1 <u>Ánægja með grunnskólann.</u>	Mjög eða frekar sammála	
	<u>2002-3</u>	<u>2003-4</u>
• Ég er ánægður með skóla barnsins míns.	95,5 %	96,6 %
• Barninu mínu líður vel í skólanum.	92,4 %	94,1 %

• Skólinn tekur af festu á agavandamálum sem upp koma.	68,6 %	74,1 %
• Árangur barnsins míns er í samræmi við væntingar mínar.	89,8 %	89,8 %
• Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum góður.	69,7 %	73,6 %
	<u>Meðaltal</u>	<u>83,2 %</u>
		<u>85,7 %</u>

Skólaárið 2002-3 er meðaltal þeirra sem eru mjög eða frekar sammála þeim fullyrðingum sem að ofan greinir 83,2 % en skólaárið 2003-4 er meðaltalið aðeins hærra eða 85,7 %. Mismunurinn milli ára er því 2,5 %.

Miðað við þessar niðurstöður virðist ekki óraunhæft að stefna að meðaltali um 90,0 %.

3.2 <u>Þáttaka foreldra og samstarf við skólann.</u>	Mjög eða frekar sammála	
	<u>2002-3</u>	<u>2003-4</u>
• Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins.	65,7 %	69,2 %
• Kennarar skólans hafa rætt við mig hvernig ég get aðstoðað barn mitt við heimanám.	71,7 %	69,5 %
• Ég fylgist vel með heimanámi barnsins míns.	93,4 %	92,4 %
• Kennari hefur samband þegar vel gengur hjá barninu mínu.	45,5 %	51,3 %
• Kennari hefur samband þegar ekki gengur sem skyldi hjá barninu mínu.	64,4 %	68,6 %
• Það er unnið skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu.	71,7 %	71,9 %
• Ég fæ að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins míns nú en í fyrra.	34,1 %	36,3 %
	<u>Meðaltal</u>	<u>63,8 %</u>
		<u>65,6 %</u>

Hér er ljóst að þáttaka foreldra og samstarf við skólann er mjög mismunandi eftir því hvaða þætti er spurt um. Það sem einkum virðist ábótavant er annars vegar að kennarar láti foreldra vita þegar vel gengur hjá barninu og hins vegar virðist æskilegt að foreldrum sé boðið upp á að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins síns.

Þegar litið er á meðaltal svaranna við þessum fullyrðingum, þá virðist raunhæft að stefnt sé að minnst 70 % meðaltali.

3.3 <u>Hvernig mætir grunnskólinn þörfum barnanna?</u>	Mjög eða frekar sammála	
	<u>2002-3</u>	<u>2003-4</u>
• Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns.	84,7 %	86,8 %
• Í skólanum eru gerðar eðlilegar námskröfur til barnsins míns.	93,3 %	93,2 %
• Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu skólans ef það lendir í erfiðleikum.	56,3 %	57,3 %

- Viðfangsefni í skólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.

	89,3 %	88,9 %
Meðaltal:	80,9 %	81,6 %

Þegar svörin við þessum fullyrðingum eru skoðuð kemur í ljós að það er þjónustan við þau börn sem lenda í erfiðleikum, sem dregur meðaltalið niður enda oft mjög erfitt og tímafrekt að finna heppilegustu leiðirnar út úr erfiðleikunum.

Hér virðist raunhæft að hægt sé að stefna að minnst 85 % sem meðaltali.

Lokaorð

Eitt megin markmið þessarar könnunar var að afla upplýsinga um viðhorf foreldra til starfs og starfsaðstæðna í leikskólum og grunnskólum í bænum. Jafnframt að skólanefnd fengi niðurstöður sem hægt yrði að nota við að setja fram árangursviðmið við gerð starfsáætlunar skólanefndar. Þeirrar meginspurningar var spurt hversu ánægðir foreldrar væru með starf skólanna og starfsaðstæður þeirra. Hér verður reynt að draga fram helstu niðurstöður könnunarinnar og ábeningar sem hægt er að lesa út úr henni.

- Almennt virðast svarendur frekar ánægðir með starf skólanna.
- Ef við lítum á svör foreldra leikskólabarna sérstaklega, þá eru þar nokkrar vísbendingar, sem æskilegt er að skólarnir og skólanefnd taki til frekari skoðunar:
 - Ánægja með leikskólann.
Þar sem 96,1 % svarenda seinna skólaárið eru mjög eða frekar sammála þeim fullyrðingum sem settar eru fram, þá virðist ljóst að staðan sé mjög góð og því nauðsynlegt að vera vel vakandi fyrir því að ekki verði slakað á þeirri góðu þjónustu sem þarna er veitt.
 - Þátttaka foreldra og samstarf við leikskólann.
Hér eru ekki nema um $\frac{3}{4}$ svarenda sem eru mjög eða frekar sammála þeim fullyrðingum sem settar eru fram. Það sem einkum vantar upp á tengist virkri þátttöku foreldra í starfi leikskólanna.
Þar kann að vera þörf á endurskoðun sumra þátta, eins og t.d. fjölda foreldraviðtala sem víða var minnst á í athugasemdum foreldra að mættu vera fleiri.
 - Hvernig mætir leikskólinn þörfum barnanna?
Almennt telja svarendur að leikskólarnir mæti vel þörfum barnanna. Það er helst að talin séu vandkvæði á að börn fái viðeigandi þjónustu af hálfu leikskólans ef þau eiga í erfiðleikum.
- Ef við lítum á svör foreldra grunnskólanemenda sérstaklega, þá eru þar nokkrar vísbendingar, sem æskilegt er að skólarnir og skólanefnd taki til frekari skoðunar:

- Í svörum við þeim spurningum sem varða ánægju foreldra með grunnskólann er forvitnilegt að bera niðurstöður þeirra saman við hliðstæða spurningu (*Líður þér vel í skólanum*) sem lögð var fyrir öll grunnskólabörn í 4.-10. bekk skólaárið 2002-3 og þar svöruðu 88,2 % þeirra að þeim liði alltaf eða oftast vel í skólanum. Það virðist því nokkuð góð samsvörun á milli viðhorfa nemendanna og foreldra þeirra. Það eru einkum agavandamálin og aðbúnaður sem sumir foreldrar telja ekki í nógu góðu horfi.

Agi er stöðugt viðfangsefni í skólunum og krefst oft á tíðum náins samstarfs við foreldra, ef sérstök slík vandamál koma upp. Hvað varðar húsnæði og aðbúnað, þá er eðlilegt að það komi misvel út hjá svarendum, þar sem ennþá stóðu yfir framkvæmdir við suma skólanna í framhaldi af einsetningu þeirra. En það er einnig forvitnilegt að þegar borin eru saman svör mismunandi árganga, þá virðast foreldrar yngstu barnanna mun ánægðari með húsnæðið og aðstöðuna en foreldrar elstu barnanna. Flest bendir nú til að húsnæðismálin verði komin í ásætlanlegt horf á skólaárinu 2005-6.
- Þáttaka foreldra og samstarf við skólann. Þar kemur fram að rúmlega 1/3 svarenda er mjög eða frekar ósammála þeim fullyrðingum sem þar eru settar fram um að þátttaka foreldra og samstarf þeirra við skólann sé nægjanlega góð.

Þegar skoðað er hvernig svörin skiptast eftir árgöngum, þá kemur skírt í ljós að foreldrar yngstu barnanna virðast almennt ánægðari með þátttöku sína og samskiptin heldur en í foreldrar barna í eldri árgöngunum. Hér virðist því tilefni fyrir starfsfólk skólanna, í samráði við fulltrúa foreldra, að skoða nánar hvernig helst sé hægt að auka og bæta þessi nauðsynlegu tengsl.
- Varðandi það hvernig grunnskólinn mæti þörfum barnanna virðast svarendur yfirleitt telja stöðuna nokkuð góða. Það er helst varðandi þjónustu skólanna við börn sem lenda í erfiðleikum, sem foreldrum finnst að ekki náist nægilega góður árangur.

Hér virðist ljóst að þörf sé á vissri endurskoðun á nýtingu þeirra úrræða og starfskrafta sem skólarnir hafa, til að ná markvissari vinnubrögðum og haldbetri árangri.

Fylgiskjöl

F.skj. 1

Spurningalisti foreldra barna í leikskólum

Til foreldra:

Skólanefnd Akureyrar vill með spurningalista þessum kanna viðhorf foreldra til þeirrar þjónustu sem leikskólar bæjarins veita börnum og foreldrum bæjarins. Markmiðið með upplýsingaöfluninni er að gera gott starf leikskólanna betra.

Spurningalisti þessi er safn fullyrðinga um þætti er varða samskipti heimilis og leikskóla. Eruð þið beðin að lýsa skoðun ykkar á hverri fullyrðingu með því að ***krossa í viðeigandi dálk.***

Ekki á að merkja spurningalistann eða auðkenna á neinn hátt. Farið verður með svörin sem trúnaðarmál og þess gætt að ekki verði hægt að rekja þau til einstaklinga. Gögnum verður eytt að lokinni úrvinnslu.

Skólanefnd þakkar þér kærlega fyrir að gefa þér tíma til að svara spurningalistanum.

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Barnið er á _____-deild í leikskólanum _____

Sá sem svarar: 1) móðir 2) faðir 3) báðir foreldrar

Nr.	Fulyrðingar	1) Mjög sammála	2) Frekar sammála	3) Frekar ósammála	4) Mjög ósammála	5) Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir.
1	Ég er ánægð/-ur með leikskóla barnsins míns.						
2	Barninu mínu líður vel í leikskólanum.						
3	Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum góður.						
4	Hugmyndafræði leikskólans er mjög skýr.						
5	Það er unnið skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í leikskólastarfinu.						
6	Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða starf leikskólans.						

7	Kennarar leikskólans hafa rætt við mig hvernig ég get stuðlað að auknum þroska hjá barninu mínu.						
---	--	--	--	--	--	--	--

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir. Mundu að númera hverja athugasemd með númeri spurningarinnar sem hún á við
8	Ég ræði vandlega við barnið mitt um leik og starf þess á leikskólanum.						
9	Leikskólakennari barnsins upplýsir mig þegar vel gengur hjá barninu mínu.						
10	Ég tek virkan þátt í foreldrastarfi leikskólans.						
11	Leikskólinn kemur vel til móts við þarfir barnsins míns.						
12	Í leikskólanum eru gerðar eðlilegar kröfur til barnsins míns.						
13	Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu leikskólans ef það lendir í erfiðleikum.						
14	Viðfangsefni í leikskólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.						
15	Upplýsingastreymi frá leikskólanum er gott.						
16	Framfarir barnsins míns eru í samræmi við væntingar mínar.						

F.skj. 2

Spurningalisti foreldra barna í grunnskólum

Til foreldra:

Skólanefnd Akureyrar vill með spurningalista þessum kanna viðhorf foreldra til þeirrar þjónustu sem grunnskólar bæjarins veita börnum og unglíngum bæjarins. Markmiðið með upplýsingaöfluninni er að gera gott starf skólanna betra.

Spurningalisti þessi er safn fullyrðinga um þætti er varða samskipti heimilis og skóla. Eruð þið beðin að lýsa skoðun ykkar á hverri fullyrðingu með því að ***krossa í viðeigandi dálk.***

Ekki á að merkja spurningalistann eða auðkenna á neinn hátt. Farið verður með svörin sem trúnaðarmál og þess gætt að ekki verði hægt að rekja þau til einstaklinga. Gögnum verður eytt að lokinni úrvinnslu.

Skólanefnd þakkar þér kærlega fyrir að gefa þér tíma til að svara spurningalistanum.

Vinsamlegast merktu við eftirfarandi:

Barnið er nemandi í _____ bekk í _____-skóla

Sá sem svarar: móðir faðir báðir foreldrar

Nr.	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir. Mundu að númera hverja athugasemd með númeri spurningarinnar sem hún á við ef skrifað er aftan á blaðið.
1	Ég er ánægð/-ur með skóla barnsins míns.						
2	Barninu mínu líður vel í skólanum.						
3	Skólinn tekur af festu á agavandamálum sem upp koma.						
4	Árangur barnsins míns er í samræmi við væntingar mínar.						
5	Mér finnst aðbúnaður (húsnæði, búnaður) í skólanum góður.						
6	Ég fæ að vera þátttakandi í ákvörðunum er varða nám barnsins.						
7	Kennarar skólans hafa rætt við mig hvernig ég get aðstoðað barn mitt við heimanám.						

8	Ég fylgist vel með heimanámi barnsins míns.						
---	---	--	--	--	--	--	--

Nr	Fullyrðingar	Mjög sammála	Frekar sammála	Frekar ósammála	Mjög ósammála	Veit ekki	Dálkur fyrir almennar athugasemdir. Mundu að númera hverja athugasemd með númeri spurningarinnar sem hún á við
9	Kennari hefur samband þegar vel gengur hjá barninu mínu.						
10	Það er unnið skipulega að því að skapa foreldrum tækifæri til virkrar þátttöku í skólastarfinu.						
11	Ég fæ að hafa meiri áhrif á skólastarf barnsins míns nú en í fyrra.						
12	Skólinn kemur til móts við þarfir barnsins míns.						
13	Í skólanum eru gerðar eðlilegar námskröfur til barnsins míns.						
14	Barnið mitt fær viðeigandi þjónustu af hálfu skólans ef það lendir í erfiðleikum.						
15	Viðfangsefni í skólanum sýnast áhugaverð fyrir barnið mitt.						